



# **Veðurstofa Íslands Greinargerð**

**Sigurður Kiernan  
Jón Gunnar Egilsson  
Tómas Jóhannesson**

## **Snjódýptarmælingar á stikum, við leiðigarða og á snjódýptarsniðum í fjallshlíðum veturinn 1998/1999**

**VÍ-G99021-ÚR11  
Reykjavík  
Nóvember 1999**

# **Veðurstofa Íslands Greinargerð**

**Sigurður Kiernan  
Jón Gunnar Egilsson  
Tómas Jóhannesson**

**Snjódýptarmælingar á stikum, við  
leiðigarða og á snjódýptarsniðum í  
fjallshlíðum veturinn 1998/1999**

VÍ-G99021-ÚR11  
Reykjavík  
Nóvember 1999

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur .....	1
2. Stikukerfið veturinn 1998/1999 .....	1
3. Fyrirkomulag mælinga .....	2
4. Niðurstöður stikumælinga .....	2
5. Snjódýptarsnið mæld með Leica-kíki .....	4
6. Snjódýptarmælingar við varnargarða .....	6
7. Varðveisla gagna .....	7
8. Heimildalisti .....	9
9. Viðauki I: Snjódýptarstikur veturinn 1998/1999 .....	10
10. Viðauki II: Snjódýptarmælingar veturinn 1998/1999, töflur .....	14
10.1 Flateyri .....	14
10.2 Bolungarvík .....	14
10.3 Ísafjörður .....	15
10.4 Súðavík .....	16
10.5 Siglufjörður .....	16
10.6 Seyðisfjörður .....	17
10.7 Neskaupstaður .....	18
10.8 Eskifjörður .....	20
10.9 Patreksfjörður .....	20
11. Viðauki III: Snjódýptarmælingar veturinn 1998/1999, línurit .....	21
12. Viðauki IV: Snjódýptarsnið mæld með Leica kíki .....	27
12.1 Siglufjörður .....	27
12.2 Ólafsfjörður .....	28

## Inngangur

Þekking á snjódýpt á upptakasvæðum snjóflóða er nauðsynleg forsenda fyrir hönnun stoðvirkja. jafnframt því sem hún er mikilvæg fyrir mat á snjóflóðahættu, bæði í tengslum við aðvaranir og einnig fyrir formlegt hættumat. Árið 1996 hófust reglulegar snjódýptarmælingar á stikum á upptakasvæðum snjóflóða á nokkrum stöðum á landinu en áður höfðu slíkar mælingar verið stundaðar um nokkurra ára skeið í Neskaupstað. Veturinn 1998/1999 fóru mælingar fram á eftirfarandi stöðum (umdæmisstjóri og mælingamenn eru nefndir í sviga):

- Patreksfjörður og Bíldudalur (Jónas Sigurðsson)
- Flateyri (Oddur Pétursson)
- Bolungarvík (Jóhann Hannibalsson, Oddur Pétursson)
- Ísafirði (Oddur Pétursson)
- Súðavík (Oddur Pétursson)
- Siglufirði (Örlygur Kristfinnsson)
- Seyðisfirði (Emil Tómasson. Hann tók við í febrúar 1999 af Hallgrími Jónssyni)
- Neskaupstað (Guðmundur Helgi Sigfússon)
- Eskifirði (Hjalti Sigurðsson)

Í þessari greinargerð eru teknar saman mælingar vetrarins 1998/1999 á öllum mælingarstöðum landsins. Á flestum stöðunum var snjódýpt mæld með reglubundnum hætti sem næst tvisvar í mánuði, en á nokkrum staðanna voru aflestrar óreglulegir. Mælingum fyrri ára hafa verið gerð skil í skýrslum sem taldar eru upp í heimildalista hér að neðan.

Veturinn 1998/1999 var gerð tilraun til þess að mæla snjódýpt á nokkrum langsníðum upp eftir hlíðum með Leica Vector 1500 fjarlægðarsjónauka sem er í eigu Veðurstofunnar. Langsníð snjódýptar upp hlíðina eru ákvörðuð með því að mæla með kíkinum fjarlægð og lóðrétt horn að punktum sem liggja á beinni línu frá hlíðarfæti upp á fjallsbrún. Grunnsníð er mælt einu sinni á hverjum stað þegar hlíðin er snjólaus. Langsníð, sem mæld eru að vetrarlagi þegar snjór er í hlíðinni, eru borin saman við grunnsníðið og gefur mismunur sníðanna lóðrétta snjódýpt sem fall af fjarlægð frá kíkinum. Veturinn 1998/1999 voru snjódýptarsníð mæld upp fjallshlíðar á Siglufirði og Ólafsfirði. Mælingarnar virðast gefa góða niðurstöðu svo lengi sem fjarlægð er minni en u.þ.b. 1 km en nákvæmni er ekki viðunandi ef fjarlægð verður meiri en það. Niðurstöðum mælinganna er lýst í sérstökum kafla hér að neðan.

Vorið 1999 voru teknar lóðréttar loftmyndir af snjóalögum í hlíðum ofan Flateyrar, Bolungarvíkur, Siglufjarðar, Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar. Úrvinnsla þessara gagna stendur yfir og verður niðurstöðum lýst í sérstakri greinargerð. Fyrstu niðurstöður benda til þess að hægt sé að mæla snjódýpt með þessari aðferð.

Veturinn 1998/1999 var einnig mæld snjódýpt við leiðigarðana á Flateyri og Siglufirði til þess að safna gögnum um áhrif garðanna á snjósöfnun í grennd við byggðina og einnig til þess að fylgjast með snjódýpt flóðmegin garðanna. Gerð er grein fyrir þessum mælingum í sérstökum kafla hér að neðan.

Snjódýptarmælingar við varnargarða eru sérstakt verkefni í verkþókhaldi Veðurstofunnar og er það auðkennt með verknúmerinu 8528. Snjódýptarmælingar á upptakasvæðum snjóflóða hafa hins vegar verknúmerið 8410. Skýrslan sem hér birtist felur í sér verkskil beggja þessara verkefna fyrir veturinn 1998/1999.

## Stikukerfið veturinn 1998/1999

Stikukerfið veturinn 1998/1999 var að mestu óbreytt frá fyrra vetri, en nokkrar stikur voru þó færðar til og nokkrum stikum var bætt við haustið 1998. Lengd stika er mismunandi eftir staðsetningu og eru þær lengri þar sem búist er við mikilli snjódýpt. Lengdin er yfirleitt á bilinu 3 til 4.5 m.

Í töflu í viðauka I eru upplýsingar um nafn, lengd (í cm), halla fjallshlíðar á þeim stöðum þar sem stikurnar standa (í gráðum) og staðsetningu (í ISN93 og m y.s.). Heiti hverjar stiku er byggt á staðarnafni (t.d. "flsk" fyrir "Skollahvilft í Flateyri") og númeri, þar sem fleiri stikur eru oftast á hverjum stað. Nánari upplýsingar um staðsetningu stika er að finna á kortum í vörslu Jóns Gunnars Egilssonar á Veðurstofunni.

## Fyrirkomulag mælinga

Snjódýpt við hverja stiku var mæld af athugunarmanni á staðnum með sjónauka. Talinn var fjöldi 30 cm bila upp úr snjó á hverri stiku og lóðrétt snjódýpt fundin með því að draga hæð stikunnar, sem stendur upp úr snjónum, frá heildarlengd stikunnar. Snjódýptin var skráð á skráningarblöð sem send voru til Veðurstofunnar.


## Niðurstöður stikumælinga

Gögn um snjódýpt fyrir veturinn 1998/1999 eru tekin saman í viðauka II og sýnd á meðfylgjandi línuritum. Í töflunum og línuritunum er lóðrétt snjódýpt við stikurnar gefin í cm. Ef ekki hefur tekist að mæla snjódýpt (t.d. vegna þoku eða eftir að stika er fallin) eru stafirnir "NA" ("not available") skráðir í töfluna. Á nokkrum stöðum er áætluð snjódýpt gefin upp fyrir aftan "NA" í töflunum. Ágiskuð snjódýptargildi eru auðkennd með hring á teikningunum. Snjódýpi við stikur, sem eru á kafi í snjó, er skráð með "Inf" ("Infinite") í töflunum og með ör sem bendir upp á línuritunum. Hæð stiku yfir sjó er sýnd ásamt nafni stiku á línuritunum. Línuritum fyrir Eskifjörð og Vesturbyggð var sleppt vegna þess hversu fátæklegar mælingarnar voru en þær koma hins vegar fram í töflunum.

Veturinn 1998/1999 var snjóþungur en þó ekki einstakur og má ætla að snjódýpt í fjallshlíðum verði svipuð og mældist síðastliðinn vetur a.m.k. einu sinni og e.t.v. nokkrum sinnum á hverjum áratug að meðaltali. Snjódýpt hefur verið mæld síðan 1988 í Seljalandshlíð á Ísafirði (staðurinn er nefndur *isse00* í töflum og á myndum), síðustu árin með sjálfvirkum snjódýptarmæli. Síðastliðinn vetur náði lóðrétt snjódýpt þar um 4.9 m sem er svipað og veturinn 1994/1995 þegar snjódýptin mældist mest áður. Þetta er um tvöfalt meiri snjódýpt en veturinn 1997/1998 sem var fremur snjóléttur. Snjódýptarmælingarnar frá *isse00* veturinn 1998/1999 eru einstakar að því leyti að snjóflóð féll úr Seljalandshlíð 13. mars 1999 og náði upptakasvæðið til staðarins þar sem snjódýptarmælímastrið stendur. Mastrið stóð af sér flóðið og mælingarnar sýna rúmlega 100 cm lækku lóðréttar snjódýptar (83 cm hornrétt á hlíðina) við það að flóðið féll og um 0.5 m hækkun snjódýptar á einni viku eftir það þangað til mælingarnar enda 19. mars vegna bilunar. Þetta þýðir að snjódýptin í hlíðinni hefði orðið rúmum 0.5 m meiri en mest mældist ef flóðið hefði ekki fallið, þ.e. lóðrétt snjódýpt yfir 5.5 m, sem er mesta snjósöfnun í hlíðina síðan mælingar hófust.

Stiku *isse04* í tæplega 700 m y.s. í Seljalandshlíð var bætt við stikunetið haustið 1998 til þess að fylgjast betur með snjódýpt í Seljalandshlíð ofan Seljalandshverfis. Stikan, sem er 450 cm að lengd, fór á kaf um miðjan janúar og benda gögnin frá henni til verulegrar snjósöfnunar efst í þessum hluta hlíðarinnar.

Í Bolungarvík fór ein af efstu 4.5 m löngu stikum í Traðarhyrnu á kaf um veturinn. Snjódýptarkort á grundvelli loftmynda sem teknar voru af Traðarhyrnu 2. maí 1999, gefur til kynna að lóðrétt snjódýpt á hæðarbilinu 400-550 m y.s. hafi verið 5-7 m þar sem snjór var dýpstur í giljum og neðan efstu kletta þann 2. maí, þó hryggir og klettar hafi þá víða verið orðnir auðir. Þegar myndirnar voru teknar hefur snjódýpt í fjallinu minnkað frá því sem mest var, um u.þ.b. 1 m ofarlega í 500-550 m y.s. þar sem efstu stikurnar standa og um 1-1.5 m í miðju fjallinu og þar fyrir neðan í um 150-300 m y.s. Snjódýptin hefur því verið u.þ.b. 6-8 m í giljum og neðan efstu kletta ofarlega í fjallinu þegar snjór var mestur veturinn 1998/1999, en ekki meiri en 1-2 m á hryggjum utan giljanna. Þetta eru mjög athyglisverðar upplýsingar um snjódýpt í fjallinu ofan byggðarinnar í Bolungarvík, en skortur á upplýsingum um snjóflóð og aðrar aðstæður veldur erfiðleikum við mat á snjóflóðahættu í bænum.



1. mynd Snjódýptarmæling í Kálfabotni 15. maí 1999. Staðsetning stika í botninum er sýnd með krossum. Snjódýpt í metrum er færð inn á kortið. Stika seka05 var á kafi. Stika seka02 hafði fallið fyrr um veturinn.

Á Flateyri hafa stikumælingarnar sýnt mjög mikla snjósöfnun í efsta hluta hlíðarinnar í Skollahvilft og Innra-Bæjargili og hafa 4.5 m langar stikur farið á kaf þar á hverjum vetri. Haustið 1995 sýndu athuganir í brotstáli stóra flóðsins 26. október 1995 að lóðrétt snjódýpt í Skollahvilft náði þá um 7.5 m snemma vetrar. Stikur ofarlega í Skollahvilft og Innra-Bæjargili fara oft á kaf og brotna einnig iðulega í snjóflóðum. Þær þurfa því mikið viðhald. Eftir veturinn 1998/1999 var ákveðið að hætta stikumælingum á þessum stöðum vegna þess að mælingar undangenginna ára hafa sýnt vel hvaða snjósöfnun er að vænta í hlíðina og vegna erfðleika á því að halda stikum við.

Á Siglufirði mældist um 3.5 m snjódýpt á nokkrum stikum í rúmlega 500 m y.s. ofan Fífladalabrúar. Þetta svæði er hugsanlegt upptakasvæði snjóflóða sem ógnað geta ákveðnum hluta byggðarinnar á Siglufirði, en þar er erfitt að meta hættu á langskreiðum snjóflóðum vegna skorts á sögulegum gögnum um snjóflóð. Mælingarnar benda augljóslega til þess að veruleg snjósöfnun eigi sér stað í þennan hluta hlíðarinnar.

Erfðleikar voru við mælingar á snjódýpt á stikum á Seyðisfirði seinni hluta vetrar 1998/1999 og náðust ekki mælingar eftir 2. apríl. Fyrir þann tíma var ein stikanna í Kálfabotni í Bjólfi komin á kaf og náðust ekki aflestar af henni um tíma af þeim sökum. Sökum þess að hugsanlegt er að stoðvirki verði reist í Kálfabotni í framtíðinni var farin sérstök mæliferð í Kálfabotni til snjódýptarmælinga 15. maí 1999 og var snjódýpt mæld þar á þremur mælinum. Niðurstöðurnar eru sýndar á meðfylgjandi mynd. Giskað var á snjódýptartölur fyrir stikurnar í Kálfabotni um miðjan apríl og í byrjun maí út frá mælingunum 15. maí með hliðsjón af mælingum á snjódýpt í svipaðri hæð yfir sjó í Neskaupstað á þessum tíma. Nánari grein er gerð fyrir þessari úrvinnslu í athugasemdaskrá sem fylgir gögnunum þar sem þau eru varðveitt á tölum Veðurstofunnar. Þessar mælingar gefa til kynna að snjódýpt í

Kálfabotni verði mest í ofarlega í botninum að norðanverðu þar sem lóðrétt snjódýpt náði u.þ.b. 6 m veturinn 1998/1999. Neðar í botninum norðanverðum varð snjódýptin milli 4 og 4.5 m en í botninum sunnanverðum var hún nokkru minni. Nánari upplýsingar um snjódýpt í Kálfabotni veturinn 1998/1999 munu væntanlega fást þegar búið verður að vinna úr lóðréttum ljósmyndum sem teknar voru af Bjólfinum vorið 1999 eins og nefnt var í inngangi. Annars staðar í hlíðum Bjólfsins neðan hjallans í um 600 m y.s. var snjódýpt mun minni en í Kálfabotni. Hámark vetrarins var víðast 1-2 m. Í Strandartindi var aðeins lesið af einni stiku og náði snjódýpt þar mest rúmum 2 m um veturinn.

Í Neskaupstað mældist heldur minni snjódýpt en veturinn 1994/1995 en þann vetur mældist mesta snjódýpt síðan mælingar í Neskaupstað hófust haustið 1993. Engin stikanna fór á kaf um síðastliðinn vetur en veturinn 1994/1995 fóru margar þeirra á kaf (stikurnar voru 3 m að lengd 1994/1995 en margar þeirra efstu eru nú 4.5 m. 3 m langar stikur hefðu farið á kaf á nokkrum stöðum veturinn 1998/1999, en þó ekki jafn víða og 1994/1995).

## **Snjódýptarsnið mæld með Leica-kíki**

Langsnið til snjódýptarmælinga með Leica-kíki voru mæld upp hlíðar Hafnarhyrnu á Siglufirði og Tindaaxlar á Ólafsfirði veturinn 1998/1999. Einnig hafa verið mæld grunnsnið í Ólafsvík og á Flat-eyri en þar voru ekki gerðar mælingar veturinn 1998/1999. Í Neskaupstað hefur verið mælt grunn-snið upp Drangagil og þar var einnig mælt að vetrarlagi í desember 1997. Niðurstöðurnar frá Siglu-firði og Ólafsfirði virðast viðunandi en fjarlægð til hlíðarinnar í Neskaupstað reyndist of mikil til þess að hægt væri að reikna snjódýpt út frá mælingunum. Mælingar þessar eru á tilraunastigi en lofa góðu og geta komið í stað stikumælinga í sumum tilfellum ef fjarlægð til hlíðarinnar er ekki of mikil.

Staðsetning mæli lína á Siglufirði og Ólafsfirði er sýnd á 2. og 3. mynd. Mælingar á Ólafsfirði voru gerðar 2. nóvember 1998 og 22. mars 1999 á samtals 5 mæli línum. Á Siglufirði var mæld ein mæli lína. Þar voru mælingar gerðar 8. febrúar 1999, auk þess sem mæling þann 17. mars 1998 frá fyrra vetri er látin fljóta með í þessari greinargerð.

Niðurstöður mælinganna eru sýndar á teikningum í viðauka IV. Hver mynd sýnir grunnsnið (brotinn ferill), vetrarþversnið (samfelldur ferill), snjódýpt í hverjum mælipunkti (samfelldur ferill) og útjafnaða snjódýpt (brotinn ferill) þar sem tekið er hlaupandi meðaltal yfir u.þ.b. 40 m breitt bil í láréttri fjarlægð. Á nokkrum stöðum eru göt í snjódýptarferilinn þar sem sjónlína náðist ekki til hluta hlíðarinnar vegna þess að eitthvað bar í milli.

Mælisniðið á Siglufirði liggur upp í gegnum svokallað Grindagil þar sem stoðvirki voru reist í til-raunaskyni í 490-530 m y.s. haustið 1996. Á tilraunsvæðinu er fylgst reglulega með snjódýpt og er því hægt að bera kíkismælingarnar saman við beinar mælingar á snjódýpt á þessum stað. Lóðrétt snjódýpt á stoðvirkjalínu I í 530 m y.s. í Grindagili var rúmir 5 m í lok mars og byrjun apríl 1998 en mældist um 5.8 m með Leica-kíkinum þann 17. mars 1998 (meðaltal 9 mæligilda í um 530 m y.s.). Í sömu stoðvirkjalínu var lóðrétt snjódýpt um 6.8 m í byrjun febrúar 1999 en mældist um 7.2 m með Leica-kíkinum þann 8. febrúar (meðaltal 7 mæligilda í um 530 m y.s.). Stikumælingar annars staðar í hlíðinni á Siglufirði sýna að snjódýpt var milli 1 og 1.5 m meiri í byrjun febrúar 1999 en í lok mars 1998 þegar mælingarnar með Leica-kíkinum voru gerðar. Þetta er einnig í góðu samræmi við niðurstöður kíkismælinganna utan Grindagils. Þessi samanburður bendir til þess að nákvæmi kíkisins til snjódýptarmælinga sé betri en 1 m upp í rúmlega 1 km fjarlægð við góðar aðstæður ef tekið er meðaltal af niðurstöðum kíkisins yfir nokkra vegalengd á mælisniðinu.

Á Ólafsfirði sýna mælingarnar veturinn 1998/1999 að snjódýpt náði 2-3 m víða í Tindaöxl og varð væntanlega yfir 3 m á nokkrum stöðum. Snjódýptin jókst um rúman 1 m milli mælinganna 2. nóvember 1998 og 22. mars 1999 á sniðum 2 og 4. Þetta er í samræmi við niðursöður stikumælinga á Siglufirði og eykur það á trúverðugleika mælinganna. Einnig sýna mælingarnar á sniðum 2 og 4 að mörgu leyti sömu lögun snjódýptarferlanna, m.a. minnkar snjódýptin á sniðum 2 og 4 á trúverðuglegan hátt þar sem bungur eru í grunnsniði hlíðarinnar. Mælingarnar á sniðum 2 og 4 á Ólafsfirði eru




2. mynd Staðsetning snjódýptarsniða á Ólafsfirði.

Þrátt fyrir þetta ekki gallalausar, t.d. er snjódýpt óeðlilega lág efst í sniði 4 þann 2. nóvember og spurning er hvort meiri en 4 m snjódýpt, sem mældist ofarlega í sniði 2 þann 22. mars, fær staðist þegar litið er til miklu minni snjódýptar sem mældist sama dag á sniði 4. Mikil snjódýpt ofarlega í sniði 5 þann 22. mars (>8 m) virðist einnig ótrúverðug og þar er óeðlilegt brot í mæliferlinum. Frekari mælingar með kíkinn á Ólafsfirði munu gefa betri vísbendingar um það hvernig réttast er að túlka þessar mælingar. Snjódýptarmælingarnar í Tindaöxl á Ólafsfirði gefa þrátt fyrir þessa varnagla til kynna að snjódýpt í hlíðinni ofan bæjarins sé ekki verulega minni en snjódýpt í hlíðinni ofan Siglu-fjarðarkaupstaðar. Þetta gefur tilefni til að huga nánar að rannsóknum á snjóflóðahættu úr Tindaöxl þrátt fyrir að ekki séu margar heimildir um snjóflóð úr öxlinni.

Það hefur sýnt sig að nauðsynleg forsenda góðrar mælingar með Leica-kíkinn er að gott viðmið sé fyrir stefnu línunnar frá uppsetningarpunkti kíkisins upp hlíðina. Þetta reyndist ekki unnt á mælisniði 1 á Ólafsfirði og varð það til þess að mælingar á því sniði reyndust ekki nothæfar. Þær eru því ekki sýndar í viðauka IV. Á sniðum 3 og 5 eru ótrúverðugir toppar í snjódýptinni í milli 800 og 900 m fjarlægð sem kunna að stafa af því að stefna mæligeislans sé ekki nægilega nákvæm.

Þegar á heildina er litið koma mælingarnar með Leica-kíkinn vel út og er ekkert því til fyrirstöðu að nota þessa aðferð til þess að fylgjast með snjódýpt í hlíðum þar sem fjarlægð fer ekki mikið yfir 1 km.






3. mynd Staðsetning snjódyptarsniðs á Siglufirði.

### **Snjódyptarmælingar við varnargarða**

Fylgst var með snjódypt við varnargarða á Flateyri og Siglufirði veturinn 1998/1999 til þess að athuga hvort garðarnir hefðu áhrif á snjósöfnun í grennd við byggðina og til þess að athuga hvort snjódypt flóðmegin garðanna yrði meiri en gert var ráð fyrir við hönnun þeirra, en að það getur haft áhrif á virkni garðanna gagnvart snjóflóðum. Mælingarnar eru ekki birtar hér sem slíkar heldur er látið nægja að lýsa helstu niðurstöðum. Frumgögn mælinganna eru varðveitt á tölvum Veðurstofunnar eins og nánar er lýst í næsta kafla.

Snjódypt við garðana á Flateyri var mæld af Oddi Péturssyni snjóathugunarmanni 18. febrúar og 1. apríl 1999 og eru mælinur sýndar á 4. mynd. Snjódypt 1. apríl var nærri hámarki vetrarins og verður látið nægja að lýsa niðurstöðum þeirrar mælingar hér. Snjódypt innan (austan) innri leiðigarðsins undir Skollahvilft mældist á bilinu 2-4 m, og var að meðaltali rúmir 3 m. Á þessu svæði stöðvaðist snjóflóð úr Skollahvilft 21. febrúar 1999 og hefur það haft áhrif til þess að auka snjódypt við garðinn. Utan (vestan) ytri leiðigarðsins undir Innra-Bæjargili mældist snjódyptin á bilinu 1-3 m, og var að meðaltali um 2 m. Lægri snjódypt á þessu svæði kann að skýrast af snjóflóðinu 21. febrúar sem fyrr var nefnt. Milli leiðigarðanna og ofan þvergarðsins var snjódypt minnst um og innan við 1 m að vestanverðu en jókst til austurs þar sem hún náði um 3 m við Skollahvilftargarðinn. Neðan þvergarðsins var snjódypt mest um 2 m nærri garðinum en minnkaði frá garðinum og var orðin minni en 1 m í 40 m fjarlægð frá honum. Varnargarðarnir virðast ekki auka snjósöfnun í byggðinni næst gördunum og hafa ef eitthvað er dregið úr snjósöfnun efst í kaupúninu frá því sem var fyrir byggingu þeirra að sögn íbúa. Snjósöfnun flóðmegin garðanna var ekki svo mikil að hún dragi úr virkni þeirra umfram hönnunarforsendur, þrátt fyrir að snjóflóð félli að garðinum um veturinn. Loftmynd var tekin af Flateyri 2. maí 1999 og sýnir hún greinilega snjóalög við varnargarðana. Loftmyndina má nota til þess að greina nánar snjósöfnun í grennd við garðana ef ástæða þykir til þess að gera það nánar en hér er lýst.

Snjódypt við leiðigarðinn undir Ytra-Strengsgili á Siglufirði var mæld fjórum sinnum veturinn 1998/1999 af Örlygi Kristfinnssyni, 9. nóvember, 8. febrúar, 16. mars og 1. apríl, og eru mælinur sýndar á 5. mynd. Mælinur voru merktar með 5 hælum sem reknir voru niður í norðurbrún garðsins með um 125 skrefa millibili. Mæling fór þannig fram að málband er fest við hælinn og snjódypt




4. mynd Staðsetning snjódýptarmælilína við varnargarða á Flateyri.

mæld með stiku með 2.5 til 10 m millibili eftir aðstæðum. Snjóflóð féll á garðinn undir Ytra-Strengsgili þann 12. mars 1998 og skildi eftir sig allmikinn snjó í óreglulegum hryggjum í farveginum við garðinn. Gera má ráð fyrir að snjódýpt við garðinn hafi af þessum sökum orðið nokkru meiri en annars hefði orðið. Ekki var að sjá að varnargarðurinn hefði nein áhrif á snjósöfnun að norðanverðu í átt að byggðinni. Þar var snjódýpt í hlíðinni tiltölulega jöfn og mældist víðast mest um 1 m en fór upp í 1.4-1.7 m á ákveðnum svæðum. Sunnanmegin garðsins myndaðist hengja út frá garðtöppinum og varð lóðrétt snjódýpt þar yfir 5 m þegar mest var um veturinn (sjá 6. mynd). Snjódýptin minnkaði hins vegar frá garðinum og var víðast komin niður í 2.5-3.5 m í 30-50 m fjarlægð frá garðinum þegar snjór varð mestur um veturinn, en var þó yfir 4 m þar sem snjór var dýpstur í snjóflóðstungunni.

### Varðveisla gagna

Snjódýptargögn frá upptakasvæðum og í grennd við varnargarða eru varðveitt í sérsökum gagnaskrá á tölvum Veðurstofunnar. Skráning gagnanna er kominn í fastan farveg eftir veturinn 1998/1999 og er uppbyggingu gagnanna því lýst hér. Snjódýptargögnin eru geymd í möppunni *snjodypt* í verkefnagagnamöppu snjóflóðagagna sem í núverandi uppbyggingu skráakerfisins er



5. mynd Staðsetning snjódyptarmælilína við varnargarðinn undir Ytra-Strengsgili á Siglufirði.

*/disk4/export/verkefni/urssv/snjoflod.* Nafn og staðsetning verkefnagagnamöppunnar getur breyst eftir því hvernig vindar blása í rekstri tölvukerfis Veðurstofunnar en það á ekki að hafa áhrif á uppbyggingu gagnanna í möppunni *snjodypt* sem hér er lýst. Gögnin eru í mörgum undirmöppum sem hver um sig geymir gögn sem heyra saman. Í mörgum undirmöppunum er skrá með útskýringum sem nefnist *lestu.mig*. Í henni er lýst formi gagna og hún getur einnig geymt athugasemdir um mælingar og fleiri atriði. Miðað er við að möppurnar geymi sem mest af útskýringum sem þarf til þess að ókunnður notandi geti áttað sig á gögnunum. Þessar útskýringar eru ekki nema að litlu leyti endurteknar hér. Helstu gagnamöppur snjódyptargagnanna eru eftirfarandi:

**snjodypt** Aðalmappa snjódyptargagnatrésins.

**snjodypt/stikur** Snjódyptarmælingar á stikum á upptakasvæðum. Gögn hvers vetrar eru geymd í möppu sem ber nafn vetrarins. Í hverri slíkri möppu er skrá sem nefnist *stikur.aa* þar sem *aa* er tveggja stafa ártal. Hún geymir upplýsingar um lengd og staðsetningu stika sem í notkun voru viðkomandi vetur. Í möppum vetranna eru einnig *lestu.mig*-skrár með athugasemdum um mælingar vetrarins.

**snjodypt/stikur/1988-89** Gögn vetrarins 1988-89.

**snjodypt/stikur/...** ---"---

**snjodypt/stikur/1997-98** ---"---

**snjodypt/stikur/1998-99** ---"---

**snjodypt/stikur/GPS-maeling** Staðsetning stika mæld með GPS-tækjum.

**snjodypt/snid** Endurteknar snjódyptarmælingar á föstum sniðum á upptakasvæðum eða við varnargarða gerðar með Leica-kíki eða snjóflóðastöngum.

**snjodypt/snid/hlidar** Snjódyptarmælingar á föstum langsníðum á upptakasvæðum, oftast mælingar með Leica-kíki.


**snjodypt/snid/hlidar/vidmid** Grunnnsnið fyrir snjódyptarmælingar með Leica kíki.

**snjodypt/snid/hlidar/vidmid/<stadur>** Grunnnsnið ákveðins staðar.

**snjodypt/snid/hlidar/vidmid/<stadur>/<stadur><dags>** Mæligögn ákveðinnar mæliferðar til þess að mæla grunnnsnið með Leica-kíki.

**snjodypt/snid/hlidar/1998-99** Vetrarmælingar á snjódypt með Leica-kíki veturinn 1998/1999. Fleiri vetrarmöppur mun bætast við í framtíðinni.

**snjodypt/snid/hlidar/1998-99/<stadur><dags>** Mæligögn ákveðinnar mæliferðar að vetrarlagi til þess að mæla snjódypt með Leica-kíki.



6. mynd Skýringarmynd af snjósöfnun við varnargarðinn undir Ytra-Strengsgili á Siglufirði.

**snjodypt/snid/gardar** Snjódýptarmælingar á föstum sniðum í grennd við varnargarða, oftast mælingar með snjóflóðastöngum en stundum mælingar með Leica-kíki.

**snjodypt/snid/gardar/vidmid** Grunnnsnið fyrir snjódýptarmælingar með Leica kíki.

**snjodypt/snid/gardar/vidmid/<stadur><dags>** Mæligögn ákveðinnar mæliferðar til þess að mæla grunnnsnið með Leica-kíki.

**snjodypt/snid/gardar/1998-99** Vetrarmælingar á snjódýpt við varnargarða veturinn 1998/1999. Fleiri vetrarmöppur mun bætast við í framtíðinni.

**snjodypt/snid/gardar/1998-99/<stadur><dags>** Mæligögn ákveðinnar mæliferðar til þess að mæla snjódýpt við varnargarða á ákveðnum stað.

**snjodypt/snjodyptarlinur** Snjódýptarmælingar gerðar með stöngum á mælilínum á upptakasvæðum snjóflóða eftir að snjálög eru orðin trygg að vorlagi.

**snjodyptarlinur/<stadur><dags>.txt** Mæligögn ákveðinnar mæliferðar til snjódýptarmælingar á upptakasvæði.

**snjodypt/ritv** Ritvinnsluskjöl, línurit og ýmis gögn sem tengjast skýrslum um snjódýptarmælingar hvers vetrar.

**snjodypt/ritv/1996-97** Skjöl fyrir veturinn 1996/1997.

**snjodypt/ritv/1997-98** ---"---

**snjodypt/ritv/1998-99** ---"---

## Heimildalisti

Eftirfarandi greinargerðir frá Veðurstofunni hafa komið út um snjódýptarmælingar á upptakasvæðum snjóflóða:

Guðmundur Helgi Sigfússon og Tómas Jóhannesson. 1997. Snow depth measurements in the mountain above Neskaupstaður. Veðurstofa Íslands, VÍ-G97015-ÚR11.

Sigurður Kiernan, Jón Gunnar Egilsson og Tómas Jóhannesson. 1998. Snjódýptarmælingar á stikum veturinn 1996/97 Veðurstofa Íslands, VÍ-G98018-ÚR14.

Sigurður Kiernan og Tómas Jóhannesson. 1998. Snjódýptarmælingar á stikum veturinn 1997/98. Veðurstofa Íslands, VÍ-G98045-ÚR34.

Auk þess geymir eftirfarandi ritgerð ýmsar upplýsingar um snjóflóðið sem féll 21. febrúar 1999 á varnargarðinn undir Skollahvilft á Flateyri:

Tómas Jóhannesson, Oddur Pétursson, Jón Gunnar Egilsson og Gunnar Guðni Tómasson. 1999. Snjóflóðið á Flateyri 21. febrúar 1999 og áhrif varnargarða ofan byggðarinnar. *Náttúrufræðingurinn*, 69, 1, 3-10.

## Viðauki I: Snjóþýptarstíkur veturinn 1998/1999

Stíka	Lengd (cm)	Halli (°)	Austur (m)	Norður (m)	Hæð (m y.s.)	Athugasemdir
<b>Flateyri</b>						
<i>Innra Bæjargil</i>						
flib01	450	≈36	296062	625984	601	
flib02	450	≈36	296214	625926	605	
<i>Skollahvilft</i>						
flsk01	450	≈37	296403	625930	620	
flsk02	450	≈34	296566	625699	455	
flsk03	450	≈40	296687	625902	624	
<b>Bolungarvík</b>						
boek01	450	≈37	307494	636751	533	
boek02	450	≈42	307590	636782	544	
boek03	450	≈42	307669	636783	546	
boun04	360	≈37	307415	636439	291	
boun05	360	≈37	307615	636466	309	
boun06	360	≈39	307743	636463	296	
boun07	360	≈32	307547	636298	205	
boun08	360	≈32	307650	636313	217	
boun09	360	≈31	307757	636319	215	
boun10	300	≈31	307901	636254	158	
boun11	300	≈31	308012	636267	149	
<b>Ísafjörður</b>						
<i>Gleiðarhjalli</i>						
isgl01	300	≈40	312386	626340	305	
isgl02	300	≈44	312800	626699	285	
<i>Brattahlíð</i>						
isbr01	175	≈33	310998	623541	122	
isbr02	420	≈35	310902	623416	221	
isbr03	420	≈34	310912	623480	175	
isbr04	420	≈42	310855	623459	205	
<i>Bakkahyrna</i>						
isba01	420	≈42	313878	629244	206	
isba02	420	≈39	?	?	≈300	
isba03	420	≈42	313784	629229	208	
<i>Seljalandshlíð</i>						
isse00	NA	40	310054	626273	576	
isse01	450	≈42	310607	626165	596	
isse02	450	≈39	310898	626182	614	
isse03	450	≈37	310979	626124	562	
isse04	450	?	?	?	686	
<i>Kistufell</i>						
iski01	NA	≈34	306618	626556	600	Ónákvæm staðsetning

Stika	Lengd (cm)	Halli (°)	Austur (m)	Norður (m)	Hæð (m y.s.)	Athugasemdir
<b>Súðavík</b>						
<i>Kofrahögg</i>						
suko01	360	≈31	318130	619896	214	
suko02	360	≈34	318116	619954	234	
suko03	360	≈31	318189	620065	202	
<i>Súðavíkurhlíð</i>						
susu01	450	≈44	318430	621867	397	
susu02	450	≈40	318481	622040	404	
<i>Sauradalur</i>						
susa01	450	≈34	317337	620949	418	
susa02	450	≈30	317563	621142	461	
susa03	450	≈37	317365	621241	593	
susa04	450	≈34	317510	621250	552	
<b>Siglufjörður</b>						
sigl01	450	34	502890	628291	478	
sigl02	450	35	502912	628284	462	
sigl03	450	≈34	502883	628638	576	
sigl04	450	42	502932	628587	529	
sigl05	450	36	502954	628580	514	
sigl06	450	41	502965	628594	514	
sigl07	360	≈34	503411	628441	250	
sigl08	360	≈40	503433	628499	251	
sigl09	360	≈25	503643	628858	172	
sigl10	360	≈28	503688	628966	176	
sigl11	450	≈28	503788	629278	209	
sigl12	450	30	503788	629330	237	
sigl13	450	32	503791	629363	255	
sigl14	450	≈34	?	?	≈190	
sigl15	450	≈36	?	?	≈205	
<b>Seyðisfjörður</b>						
<i>Kálfabotn</i>						
seka01	330	≈34	731739	538651	548	
seka02	300	≈34	731699	538684	583	
seka03	300	≈35	731738	538700	560	
seka04	420	≈35	731710	538717	583	
seka05	420	≈35	731689	538735	602	
<i>Utan Kálfabotna</i>						
seuk01	420	≈25	?	?	≈675	
seuk02	420	≈25	?	?	≈675	
<i>Efri Kálfabotn</i>						
seek01	330	≈0	?	?	≈650	Ath. lengd óviss
seek02	360	<15	?	?	≈660	Ath. lengd óviss
seek03	420	<15	?	?	≈660	

Stika	Lengd (cm)	Halli (°)	Austur (m)	Norður (m)	Hæð (m y.s.)	Athugasemdir
seek04	420	<15	?	?	≈660	
<i>Ofan Jókugils</i>						
seoj01	300	≈35	?	?	250-400	
seoj02	300	≈35	?	?	250-400	
seoj03	300	≈35	?	?	250-400	
seoj04	300	≈35	?	?	250-400	
<i>Strandartindur</i>						
sest01	330	≈25	734663	538614	410	
sest02	330	≈28	734862	538504	509	
<b>Neskaupstaður</b>						
<i>Nesgil (stikur settar upp árið 1993)</i>						
nene01	400	≈38	749166	528737	687	
nene02	300	33	749199	528606	610	
nene03	300	36	749236	528546	559	
nene04	400	≈34	749290	528784	671	
nene05	300	30	749312	528676	606	
nene06	300	36	749349	528610	552	
nene07	300	30	749492	528334	362	
nene08	300	36	749523	528241	302	
nene09	300	25	749532	528088	227	
<i>Drangagil (stikur settar upp árið 1993)</i>						
nedr01	400	35	748725	528567	614	
nedr02	300	38	748763	528439	529	
nedr03	300	33	748798	528292	452	
nedr04	NA	≈34	748837	528601	609	
nedr05	300	35	748815	528529	568	
nedr06	300	≈34	?	?	?	
nedr07	400	35	748834	528648	625	
nedr08	300	36	748855	528518	551	
nedr09	300	≈34	748842	528393	475	
nedr10	300	26	748989	528081	288	
nedr11	300	16	749055	527945	221	
<i>Tröllagil (stikur settar upp árið 1993)</i>						
netr01	300	≈42	748023	528239	604	
netr02	300	≈34	748003	528143	552	
netr03	300	≈34	748009	528038	484	
netr04	300	≈36	748003	527867	376	
netr05	300	≈32	748010	527720	285	
netr06	300	≈27	748038	527566	205	
<i>Miðstrandargil (stikur settar upp árið 1995)</i>						
nemi01	300	34	747118	528104	680	
nemi02	300	36	747154	528049	634	
nemi03	300	28	747213	528010	579	
nemi04	300	25	747330	528016	557	

Stika	Lengd (cm)	Halli (°)	Austur (m)	Norður (m)	Hæð (m y.s.)	Athugasemdir
nemi05	300	30	747350	527909	496	
nemi06	300	30	747393	527814	440	
nemi07	300	30	747438	527596	295	
<i>Bræðslugjár (stikur settar upp árið 1995)</i>						
nebr01	300	33	746439	527608	546	
nebr02	300	35	746447	527471	458	
nebr03	300	33	746609	527308	317	
<b>Eskifjörður</b>						
eski01	300	≈18	733566	518688	247	snjólaus allan veturinn
eski02	300	≈30	733326	519537	446	féll strax, engin gögn
eski03	300	≈35	733763	519609	552	fór líklega í flóði 14. apr. 1999
<b>Patrefsfjörður</b>						
patr01	300	?	?	?	?	
patr02	300	?	?	?	?	
patr03	300	?	?	?	?	
patr04	300	?	?	?	?	
patr05	300	?	?	?	?	
patr06	300	?	?	?	?	
patr07	300	?	?	?	?	
patr08	300	?	?	?	?	
patr09	300	?	?	?	?	
patr10	300	?	?	?	?	
patr11	300	?	?	?	?	
patr12	300	?	?	?	?	
patr13	300	?	?	?	?	



## Viðauki II: Snjódýptarmælingar veturinn 1998/1999, töflur

Flateyri		Stika flsk03		Stika boek03		Stika boun05		Næðst við Ufsir	
		Dags	Snd	Dags	Snd	Dags	Snd		
<i>Innrabæjargil</i>		20-10-1998	75	23-10-1998	180	23-10-1998	90	<b>Stika boun07</b>	
		29-10-1998	135	29-10-1998	180	29-10-1998	75	Dags Snd	
<b>Stika flib01</b>		17-11-1998	105	06-11-1998	210	06-11-1998	80	23-10-1998	90
Dags	Snd	02-12-1998	180	15-11-1998	180	15-11-1998	30	29-10-1998	75
20-10-1998	60	18-12-1998	360	01-12-1998	195	01-12-1998	30	06-11-1998	80
29-10-1998	135	05-01-1999	NA	20-12-1998	255	20-12-1998	0	15-11-1998	60
17-11-1998	135	20-01-1999	NA	08-01-1999	240	08-01-1999	30	01-12-1998	60
02-12-1998	180	<b>Bolungarvík</b>		13-01-1999	290	13-01-1999	30	20-12-1998	75
18-12-1998	315	<i>Undir efsta klettabelti</i>		18-01-1999	290	28-01-1999	30	08-01-1999	150
05-01-1999	NA	<b>Stika boek01</b>		22-01-1999	300	28-01-1999	0	13-01-1999	150
20-01-1999	NA	Dags	Snd	28-01-1999	300	07-02-1999	30	18-01-1999	180
05-02-1999	NA	23-10-1998	NA	07-02-1999	282	16-02-1999	30	22-01-1999	210
17-02-1999	NA	29-10-1998	165	16-02-1999	300	21-02-1999	90	28-01-1999	210
